

**Fundur félagsstjórnar Sjúkraliðafélgas Íslands, haldinn
þriðjudaginn 23. febrúar kl. 10:00,
í félagsaðsöðu SLFÍ að Grensásvegi 16.**

Mættir til fundar:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild
Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, Vesturlandsdeild
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild
Jóhanna G Þórðardóttir, Vestfjarðadeild
Stefanía Stefánsdóttir, Austfjarðadeild
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Tillaga að ályktun lögð fyrir fundinn
4. Staðan í kjaramálum
 - a. Bókun 10 um stubbavaktir
 - b. Farið var yfir stöðu stofnanasamninga
 - c. Starfsmat hjá Reykjavíkurborg
5. Undirbúningur Fulltrúafélags
 - Mál sem lögð voru fram fyrir 1. febrúar
 - a. Lagabreytingar
 - b. Farið hefur verið fram á að skoðað verði hvort félagið eigi að vera innan BSRB eða láta kjósa um að fara út.
 - c. Ársskýrslur deilda
 - d. Fjárhagsáætlanir deilda
 - e. Staðan hjá uppstillinganefnd
6. Vinnufundur félagsstjórnar SLFÍ næsta haust
7. Trúnaðarmannaráðsfundur í október
 - a. Tillaga er um 12. október, frá kl. 10:00 til 16:00.
 - b. Erindi frá Ingibjörgu Jónsdóttur Professors Verksamhetschef við Institutet för stressmedicin í Göteborg
 - c. Á dagskránni verði önnur áhugaverð mál

8. Félagsstjórnarfundur í október

Tillaga að dagsetningu er 11. október 2017

9. Stjórnarfundur EPN

Fundurinn var haldinn í Ósló í janúar.

10. Íslandsmeistaramótið iðn- og tækningreina

a. Hugmyndir um norrænt mót. Fundur í Ósló 8. mars nk

11. Norrænt vinnumarkaðsmót

Fundur í Ósló, 9. mars

12. Könnun á meðal félagsmanna SLFÍ

13. Lífeyrismál

- a. Staðan
- b. Lögfræðiálit
- c. Viðbrögð í BSRB
- d. Annað

14. Sjúkraliðatalið

Staðan

15. Íbúðarfélag

16. Afgreiðsla á tillögu að ályktun

Önnur mál

Fundargerð

1. Formaður SLFÍ setti fundinn

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.

3. Drög að ályktun félagsstjórnar lögð fyrir fundinn

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ og KÁG lögðu fram og fóru yfir drög að ályktun fundarins. Ákveðið að fullvinna ályktunina í lok fundar. Í lok fundar var farið yfir ályktun stórnar og hún fullunnin og samþykkt.

4. Staðan í kjaramálum

- KÁG gerði grein fyrir að „stubbavaktanefndin“ væri enn að störfum. Fulltrúar úr nefndinni heimsóttu HSA og HSS og fyrir liggja drög að niðurstöðum þeirra úttekta. Bent hefur verið á að einnig þurfi að fara á Sólvang þ.s. mikið er um stubbavaktir. Áfram verður unnið með niðurstöðurnar og ákveðið hvað gera þurfi.
- Farið var yfir hver staðan væri á gerð stofnanasamning á stofnunum ríkisins. Fram kom að erfiðlega gengi að klára samninga við ákveðnar stofnanir, en áfram væri þrýst á.

- Starfsmat hjá Reykjavíkurborg er að mestu búið. Út af stæði misræmi í mati á heimahjúkrun, sem yrði skoðað.
- KÁG gerði grein fyrir að umræða væri um að launaskriðstryggingin gæti skilað einhverjum hækkunum til þeirra sem undirrituðu SALEK samkomulagið, en ekki lægi ljóst fyrir hvert launaskriðið væri eða hvort um launaskrið hafi verið að ræða.

5. Undirbúningur fyrir fulltrúaþing SLFÍ

Farið var yfir skipulag Fulltrúaþings SLFÍ á komandi vori.

- KÁG gerði grein fyrir að 1. febrúar voru komin inn erindi sem leggja á fyrir laganefnd og erindi sem ræða þarf á þingi félagsins.
- KÁG bað Guðbjörgu Sólveigu Sigurðardóttur (GSS) formann Vesturlandsdeildar að fara yfir erindið sem kom frá Vesturlandsdeild. Fram kom í máli GSS að lagt væri til að inn í lög/reglugerð félagsins kæmi ákvæði um að ef deild innan félagsins legðist af þá væri um það skýrt ákvæði að fjármunir á bókum viðkomandi deildar rynnu til SLFÍ. (Ábending frá ríkisskattstjóra). Fram kom að deildarnar gætu nýtt kennitölu félagsins til stofnunar á bankabókum.
- KÁG fór yfir þá umræðu sem verið hefur innan félagsins um veru SLFÍ í BSRB. Mikil umræða var um málið og farið yfir það sem er jákvætt við að vera í bandalaginu og einnig það sem er neikvætt. Fá þarf svör við mjög mikilvægum spurningum til að undibygga frekari umræðu. Ákveðið að taka saman helstu gögn og senda á félagsstjórnarfulltrúa.
- Farið var yfir hvort allar deildar hefðu skilað inn ársskýrslum. Fram kom að skýrslur væru komnar frá öllum deildum, en skýrsla Vesturlandsdeildar hefði ekki skilað sér. GSS sendir skýrsluna við fyrsta tækifæri.
- Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) fór yfir alla ársreikningar og fjárhagsáætlanir deilda voru lagðar fram og ræddar.
 - Reykjavíkurdeild samþykkt.
 - Norðurlandsdeild Eystri, samþykkt með smávægilegum breytingum.
 - Vesturlandsdeild, GSS gerði grein fyrir hvers vegna farið væri fram á aukið fjármagn frá síðasta ári. Málið rætt og áætlunin samþykkt.
 - Vestmannaeyjadeild: samþykkt með skýringum.
 - Vestfjarðadeild: Samþykkt með skýringum.
 - Suðurnesjadeildin: Samþykkt með skýringum.
 - Suðurlandsdeild: Samþykkt með skýringum.
 - Norðurlandsdeild vestri: Samþykkt.
 - Austurlandsdeild: Samþykkt.
- Jóhanna Traustadóttir fór yfir stöðuna hjá Uppstillinganefnd og gerði grein fyrir að sú vinna væri í gangi og gengi eftir atvikum vel. KÁG gerði grein fyrir að hún myndi láta af störfum á þar næsta þingi SLFÍ þegar um ár væri eftir af þessu kjörtímabili. Mikil umræða var um málið og ljóst að miklar breytingar eru í vöndum. Rætt var um erindi frá Döllu Ólafsdóttur lögfræðings BSRB þ.s. hún hafði gert grein fyrir niðurstöðu dómsmáls sem tapaðist þ.s. tekist var á um réttarstöðu trúnaðarmanns. Í ljósi niðurstöðu dómsins er mjög mikilvægt

að vel sé gengið frá kjöri trúnaðarmanna og gætt að tilkynningu til vinnuveitenda.

JT nefndi undir þessum lið að á trúnaðarmannablaði félagsins væri ekki gert ráð fyrir stjórnarmönnum. Helga Sigríður Sveinsdóttir (HSS) formaður Suðurlandsdeildar fór yfir að fyrirkomulagið á Suðurlandi væri í takt við kröfur dómsins.

6. Vinnufundur félagsstjórnar SLFÍ næsta haust

Rætt var um að nauðsynlegt væri að félagsstjórn tæki heilan dag undir vinnufund á komandi hausti. Allir sammála því og ákveðið að fundurinn yrði 19. september. Ekki ákveðið með fundarstað, en það skoðað nánar.

7. Trúnaðarmannaráðsfundur í október

KÁG gerði grein fyrir að rætt hafi verið við Ingibjörgu Jónsdóttur prófessor í Svíðþjóð um að vera með erindi á fundi Trúnaðarmannaráðs. Ingibjörg hefur flutt erindi byggð á rannsóknum hennar og kolleganna, sem rannsakað hafa mismunandi mannauðsstjórnun. Allir sammála um að fá Ingibjörgu á fundinn og önnur málefni verða skoðuð nánar þegar dregur nær fundi. Ákveðið að halda fundinn 12. október.

8. Félagstjórnarfundur í október

Ákveðið að halda fundinn daginn fyrir trúnaðarmannaráðsfundinn eða þann 11. október.

9. EPN fundur í Ósló

KÁG gerði grein fyrir stjórnarfundum EPN sem fram fór í Ósló 2. febrúar. Fram kom m.a. að Danir væru eitthvað tvístígandi varðandi þátttöku í samstarfi Norður-/Evrópulandanna en miklar mannbreytingar hafa verið í stjórn hjá Dönunum.

10. Íslandsmeistaramót iðn- og tæknigreina

Jakobína Rut Daníelsdóttir (JRD) stjórnarmaður í félagsstjórn og einn af umsjónaraðilum SLFÍ fyrir keppnina fór yfir að mótið verði 16. – 18. mars í Laugardalshöll. JRD gerði grein fyrir að Fjölbrautaskólinn við Ármúla (FÁ) hefði dregið sig úr keppninni vegna áhugaleysis sjúkraliðanema, en þátt tækju þrjú pör frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Verkmenntaskólanum á Akureyri og Menntaskólanum á Ísafirði. Hámarksaldur keppenda er 23 ár og er það hugsanlega ein skýring á því hversu erfiðlega gengur að fá keppendur. Farið var yfir skipulag keppinnar og hvernig bás félagsins verður mannaður.

KÁG fór yfir að boðið væri upp á Evrópukeppni og heimsmeistaramóti, en það væri mjög kostnaðarsamt og ekki standi til að taka þátt í þeim keppnum.

Fram kom að boðið hefur verið til fundar í Ósló vegna hugsanlegs Norðurlandamóts í hjúkrun. KÁG, GÖG og BÓ fara til Noregs og ræða hugsanlega þátttöku Íslands og aðkomu að Norðurlandamótinu og er sá fundur 8. mars.

Með það í huga að sigurvegarar hér á landi gætu tekið þátt í slíku móti, sem þá hugsanlega virkaði áhugakvetjandi. Förun samhliða á fund um Norræna vinnumódelið.

11. Fundur í Ósló um Norræna vinnumarkaðsmódelið

Rætt var um stöðu innleiðingar Norræna vinnumarkaðsmódelisins á Íslandi. Fram kom að mjög skiptar skoðanir eru á innleiðingu módelisins, áhrifa þess og aðferðafræðina.

KÁG gerði einnig grein fyrir að fulltrúar félagsins færu á fund í Ólsó 9. mars til að kynna sér innleiðingu móðelsins í Noregi og virkni þess. Mikil umræða var um málið.

12. Könnun meðal félagsmanna SLFÍ

KÁG gerði grein fyrir að gerð hafi verið könnun meðal félagsmanna og að þátttakan hafi verið mjög góð eða um 1600 sjúkraliðar. Spurt var um veikindi, örorku, starfshlutfall o.fl. Niðurstöður verða birtar í júníblaði SLFÍ.

13. Lífeyrismál

Farið var yfir þá umræðu sem verið hefur innan BSRB um stöðu lífeyrismála hjá opinberum starfsmönnum í A deild LSR og Brúar. Fram kom að forysta BSRB hefur þegar átt fund með nýjum félags- og jafnréttismálaráðherra og var staðan í lífeyrismálunum meðal umræðuefna á þeim fundi. Þá munu lífeyrismálin verða til umræðu á fyrirhuguðum fundi með fjármála- og efnahagsráðherra.

Fyrir liggur að BSRB, KÍ og BHM munu fá lögmannsstofu til að skoða lögmæti lagasetningar Alþings fyrir jól þegar lögum um LSR var breytt og eftir atvikum fara með málið fyrir dómstóla.

GÖG gerði grein fyrir að farið var yfir erindi fulltrúa SLFÍ og LL varðandi lífeyrismálin í Réttindanefnd BSRB þ.s. þeim var vísað áfram.

14. Sjúkraliðatalið

KÁG fór yfir að nýlega hafi verið rætt við umsjónarmann sjúkraliðatalsins og fram hefði komið hjá honum að einhver vankvæði væru á gerð talsins. Rætt var um hvort nægjanlegt væri að gefa talið út rafrænt, en ekkert ákveðið með það. Áfram verður unnið að útgáfu talsins.

15. Íbúðarfélag „stéttarfélaganna“

KÁG fór yfir að erindi hafi borist frá BSRB til SLFÍ vegna greiðslu grunnskostnaðar inn í íbúðafélagið. BSRB og ASÍ hafa sameinast um að leggja fjármagn inn í slíkt félag sem létta á undir með þeim sem lægstu launin hafa. Ákveði var að vera með í stofnun íbúðarfélagsins.

Önnur mál

- GSS fór yfir að reglur um greiðslur fyrir akstur stönguðust á. Ákveðið að fara yfir málið á vinnufundi stjórnar næsta haust.
- GÖG gerði grein fyrir að félagið hefði tapað máli bæði í héraðsdómi og hæstarétti, sem varðaði uppsögn sjúkraliða sem starfaði á HSS. Fram kom að niðurstaða dómsins breytti töluverðu varðandi það umhverfi sem opinberir starfsmenn voru í varðandi ráðningaröryggi.

Fundi slitið kl. 15.55